

## Siðareglur Norðurorku

Stjórn Norðurorku setur siðareglur sem hafðar eru í heiðri í daglegum rekstri fyrirtækisins. Yfirmenn bera ábyrgð á að siðareglur séu kynntar öllum starfsmönnum og eftir þeim farið.

- Starfsmönnum ber að gæta trúnaðar við meðferð allra upplýsinga er varða viðskiptavini, starfsmenn og birgja Norðurorku. Óheimilt er að nýta trúnaðarupplýsingar með öðrum hætti en í viðskiptum viðkomandi við Norðurorku.
- Óheimilt er að mismuna viðskiptavinum eða stuðla að ójafnri samkeppnisstöðu þeirra.
- Starfsmenn mega ekki þiggja gjafir eða annan velgjörning umfram smágjafir nema með sérstöku samþykki yfirmanns. Þetta á við um gjafir frá aðilum sem eru í viðskiptatengslum við fyrirtækið. Starfsmönnum er óheimilt að gefa gjafir eða bjóða annan velgjörning utan eðlilegra marka þeim aðilum sem geta haft áhrif á starfsemi fyrirtækisins.
- Starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að störf þeirra séu í samræmi við gildandi lög og reglur og stefnu fyrirtækisins.
- Starfsmönnun er óheimilt að sitja í stjórn eða tengjast rekstri fyrirtækja sem valdið getur hagsmunaárekstrum við starf þeirra hjá Norðurorku.
- Starfsmönnum ber í störfum sínum að fylgja ofangreindum siðareglum og starfa í anda þeirra.

*Kynnt á starfsmannafundi 20. desember 2012*

*Samþykkt á stjórnarfundum 24. janúar 2013*